



Fundargerð 240.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 8. maí 2019 kl. 16.15 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar á Hjalteyri.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Halldóra K. Hauksdóttir, Axel Grettisson ritari, Eva Hrund Einarsdóttir, Hreinn Pálsson, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir og Ólafur R. Ólafsson. Einnig sat fundinn Þröstur Friðfinnsson áheyrnarfulltrúi.

Að auki sat fundinn: Pétur Ólafsson hafnarstjóri.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Viðauki 01 við framkvæmdaáætlun 2019

Lögð fram tillaga að viðauka 01 við framkvæmdaáætlun HN fyrir árið 2019. Stjórn HN samþykkir viðauka við framkvæmdaáætlun ársins 2019, sem hefur auðkennið 01/2019, og gerir ráð fyrir kaupum á Laufásgötu 1 af Stálsmiðjunni.

2. Viðauki 02 við framkvæmdaáætlun 2019

Lögð fram tillaga að viðauka 02 við framkvæmdaáætlun HN fyrir árið 2019. Stjórn HN samþykkir viðauka við framkvæmdaáætlun ársins 2019, sem hefur auðkennið 02/2019, og gerir ráð fyrir kaupum á stálþili vegna lengingar á Tangabryggju til suðurs. Kaupin voru áætluð og voru inn á framkvæmdaáætlun fyrir árið 2018 en afhending tafðist til febrúar 2019.

3. Staða verklegra framkvæmda.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu verklegra framkvæmda.

4. Seifur.

Hafnarstjóri fór yfir mál er varða dráttarbátinn Seif. Enn eru nokkur smáverk ókláruð af hendi skipasmíðastöðvarinnar. HN hefur látið lögfræðing samlagsins fara með hagsmuni þess er varðar tryggingarbréf.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

Fundi var slitið kl. 18:45



Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

Halldóra K. Hauksdóttir

Axel Grettisson ritari

Eva Hrund Einarsdóttir

Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir

Hreinn Pálsson

Ólafur Ólafsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
